

238. fundur

stjórnar LSS haldinn þriðjudaginn 19. 03 2015 kl. 09:30
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, FH, KK, NP, SLS, VLF

1. Fundargerð síðasta fundar.

Sþ

2. Inntaka nýrra félaga

Engin umsókn

3. Reikningar LSS 2014

Farið yfir ársreikning Félagssjóðs, Orlofssjóðs og Starfsmenntasjóðs.

Töluverður halli er á rekstri félagssjóðs –farið yfir helstu ástæður sem eru;

Ársþing og hár kostnaður vegna dómsmála á Akureyri. Það stefnir í hagnað á þessu ári. Unnið er að niðurskurði á ákv. útgjöldum. Auk þess er möguleiki á endurgreiðslu ef dómsmálið vinnst í Hæstarétti.

4. Ársfundur LSS

Ársfundurinn (fulltrúaráðsfundur) verður 16. apríl kl. 13:00, í Brautarholtinu.

Lagt verður fram til umræðu hugmynd um að halda Ársþingið á þriggja ára fresti.

Umræður um að fá fyrirlesara á fundinn t.d. HP til að ræða drög að reglugerð ofl.

Biðja fulltrúa að koma með áherslur sinna félaga um kröfur fyrir næstu kjarasamningsgerð.

5. Fagdeild. Sjúkraflutningar

Farið yfir ályktanir frá fagdeildinni. -umræður um þær og málefni sjúkraflutninga. Menntunarmál, nauðsynlegt er að fá sterkari viðurkenningu á menntun sjúkraflutningamanna.

Fagråd sjúkraflutninga mun funda 20. apríl um nám og fleira.

Stefnt er á að fara af stað með nýtt grunnám í haust, vinna við nám er í gangi.

Grunnám er mikilvægt, endurmenntun og viðhaldsþjálfun er líka mikilvæg.

Rætt um að koma á laggirnar „Kennslu og þjálfunarbifreið“ – sem gæti kennt víða um land.

Vinnuferlar. Unnið er að nýrri útgáfu í haust.

Eldurlífgunarråd. NP hættir. Lagt er til að Hlynur Höskuldsson komi inn, sþ.

Rafræn sjúkraskrá – umræður um nauðsyn að koma því kerfi á.

6. Fagdeild Slökkviliðsmanna

Undirbúningi fyrir ferð um landið er lokið. Farið verður 23. mars og heimsóttir 22

staðir á einni viku. Í ferðina fara formaður LSS, form. Fagdeildar slökkviliða,

form. Fagdeildar sjúkraflutningamanna og Borgar Valgeirsson. BV mun halda

fyrirlestur um krabbamein. Tilgangur ferðarinnar er að heimsækja félagsmenn,

upplýsa um LSS og taka við upplýsingum og hugmyndum.

7. Fagdeild Slökkviliðsstjóra

frestað.

8. Samningar SNS, SNR og LSS

Samningaviðræður eru ekki hafnar. Það á eftir að klára bókanir í síðasta samningi við sveitarfélögin. Tryggingar –skaðabótalög, vinna samkvæmt þeirri bókun er á lokastigi.

Skrifstofa starfsmats á eftir að ljúka vinnu við Starfsmatið.

Almennar umræður um stöðu kjarasamningsviðræðna í landinu.

9. Félagsgjöld til LSS

Unnið er í því að fá greiðslur af þeim sem ber að greiða til LSS.

10. Ráðstefna MVS

Formaður LSS og formaður Fagdeildar slökkviliðsmanna sátu ráðstefnuna.

Upplýsingar og umræður um ráðstefnuna.

11. Ritnefnd

Ritnefndin og framkvæmdastjóri hafa ákveðið efnistöð í næsta blað og stefna á útgáfu í lok maí. Aðal-þemað verður BÁ.

12. Önnur mál:

- a) Hugmyndir eru um breytingar á **vaktavinnukerfi** hjá hluta af starfsmönnum SHS. Umræður.
- b) **Fritökuréttur.** Umræður um stöðu mála hjá SHS. Þar hefur frítakan allrei verið reiknuð út og enginn starfsmaður fengið frí eða greiðslur samkvæmt lögum og kjarasamningsbundnu ákvæði þar um.
Ákveðið að vísa málinu til GÁH til álits og innheimtu, ef það á við. Stjórn skal upplýst um niðurstöðu hans í málinu.

13. Mál til kynninga

Fundi slitið 13:05